

Ólsen-Ólsen upp og niður

Spil fyrir 2-5. Hentar yngri börnum ágætlega.

Gögn: Spilastokkur með 52 spilum.

Undirbúningur: Gefið er sólsarsinnis og fær hver spilari fyrst þrjú spil og síðan tvö. Það sem eftir er af stokknum er lagt á grúfu á borðið og efsta spilið sett upp í loft við hlið hans. Sá sem er á vinstri hönd við þann sem gaf byrjar að gera og hann á líka að gefa næst.

Gangur spilsins: Spilið gengur út á að losna við öll spilin af hendi. Sá sem á leik leggur spil sem er einu hærra eða einu lægra en spilið sem snýr upp ofan á það spil. Dæmi: Efsta spilið er kóngur. Þá má leggja annað hvort drottningu ofan á eða ás. Ef spilari getur ekki lagt niður spil verður hann að draga eitt spil úr stokknum. Geti hann ekki lagt það niður dregur hann annað spil og enn annað geti hann ekki notað það (ekki má draga oftar en þrisvar).

Leikmenn skiptast á um að gera og í hvert sinn sem röðin kemur að þeim leggja þeir spil í bunkann eða draga úr stokknum. Þegar einhver leggur niður næstsíðasta spilið sitt segir hann "Ólsen". Gleymi hann því verður hann að draga þrjú spil úr stokknum. Segja á "Ólsen, Ólsen" þegar síðasta spilið er lagt niður, gleymist það þarf líka að draga þrjú spil úr stokknum og spilið heldur áfram. Ef stokkurinn er búinn áður en spilinu lýkur er efsta spilið í bunkanum skilið eftir í borði en hin spilin stokkuð og stokknum komið fyrir á sama stað og áður.